

Nd.

1259. Breytingartillögur

[423. mál]

við frv. til l. um viðskiptabanka.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SvG).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi gilda um viðskiptabanka í eigu ríkisins, sem hér eftir verða nefndir ríkisviðskiptabankar, og viðskiptabanka sem reknir eru af hlutafélögum eða samvinnufélögum, hér eftir nefndir hlutafélagsbankar eða samvinnufélagsbankar.
Einungis hlutafélögum og samvinnufélögum er heimilt að reka aðra viðskiptabanka en ríkisviðskiptabanka. Ákvæði laga um hlutafélög gilda um hlutafélagsbanka og ákvæði laga um samvinnufélög um samvinnufélagsbanka nema annað sé boðið í lögum þessum.
Til þess að stofna nýjan banka þarf sérstaka lagaheimild.
2. Við 2. gr. 2. mgr. orðist svo:
Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabanka. Skuldbindingar ríkisviðskiptabanka erlendis mega aldrei nema hærri fjárhæð en sem svarar eigin fé bankans, sbr. 36. gr. Til þess að taka lán erlendis, sem er umfram eigið fé bankans, þarf ríkisviðskiptabanki sérstaka lagaheimild.
3. Við 6. gr. 1. mgr. orðist svo:
Um hluti í hlutafélagsbanka gilda þær samþykktir sem ráðherra hefur staðfest fyrir viðkomandi banka.
4. Við 9. gr. bætist ný mgr. sem orðist svo:
Bankaráð skal leggja fram árlega skýrslu um starfsemi ríkisviðskiptabanka. Skýrslan skal send viðskiptaráðherra sem kynnir efni skýrslna um viðskiptabanka ríkisins á Alþingi er hann gefur þinginu skýrslu um heildarþróun peningamála á næst liðnu ári og horfur í þeim efnunum.
5. 10. gr. orðist svo:
Ráðherra og Alþingi geta hvenær sem er krafist bankaráð upplýsinga um rekstur og hag bankans.
6. 12. gr. orðist svo:
Kjaradómur ákveður laun og önnur starfskjör bankastjóra. Að öðru leyti skulu laun bankamanna ákveðin í kjarasamningum Sambands íslenskra bankamanna.
7. Við 21. gr. 4. mgr. orðist svo:
Ríkisstjórnin ákveður almenna stefnu í vaxtamálum að fengnum tillögum bankaeftirlitsins. Bankaráðin ákveða heildarkjör á einstökum flokkum útlána og innlána samkvæmt tillögum bankastjórnar.
8. Við 23. gr. bætist ný málgr. sem orðist svo:
Heimilt er ráðherra að setja reglur um hámark lánveitinga til einstakra viðskiptamanna bankanna. Bankaeftirlitið gerir tillögur til ráðherra um takmörkun þessa.
9. Á eftir 25. gr. komi ný gr. sem orðist svo:
Bankarnir skulu birta opinberlega lista yfir öll útlán sem veitt hafa verið sama aðila á liðnu ári er nema hærri fjárhæð en 20 milljónum króna og veitt eru til lengri tíma en tveggja ára, ásamt upplýsingum um nöfn lántakenda, lánskjör og yfirlýstan tilgang lánanna. Þá skal einnig birta lista yfir einstaklinga, félög og stofnanir sem skulda við áramót meira en 40 milljónir króna í viðkomandi stofnun. Upphæðum þeim, er að framan greinir, skal breyta árlega með reglugerð sem ráðherra setur í samræmi við breytingar á verðlagi.
10. Við 28. gr. 2. og 3. mgr. falli niður.
11. Við 36. gr. Aftan við gr. bætist nýr málsl. svohljóðandi: Þó er óheimilt að stofna ný bankaútibú nema með samþykki ráðherra að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.